

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs  
Dags. 1. september 2023  
Mnr. 2020100034



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - óbyggðanefnd úrskurður

Óbyggðanefnd hefur kveðið upp úrskurði í málum nr. 1-8 frá 2021 um þjóðlendur í Ísafjarðarsýslum. Kröfur Ísafjarðarbæjar gagnvart íslenska ríkinu koma fram í úrskurði nr. 4/2021, um fjalllendi milli Ísafjarðardjúps, Álftafjarðar og Önundarfjarðar, auk Stigahlíðar.

Hlutverk Óbyggðanefndar, skv. lögum nr. 58/1998, er:

- a) að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Mál þetta hófst í lok árs 2019, og var kröfulýsingafrestur veittur til 2. mars 2020. Gagnaöflun fór fram árið 2020-2021 og fyrsta fyrirtaka málsins í júní 2021. Sumarið 2021 var gengið á vettvang og frekari fyrirtökur snemma árs 2022. Í október 2022 fór fram aðalmeðferð málsins, málið tekið til úrskurðar í maí 2023 eftir skýrslutökur og gagnaöflun og úrskurður nú upp kveðinn.

Kröfur Ísafjarðarbæjar tóku til Eyrar í Önundarfirði, Selársdals í Súgandafirði, Neðri-Hnífsdals, Bakka í Hnífsdal, Eyrar í Skutulsfirði ásamt Stakkanesi, Seljalands í Skutulsfirði, Tungu í Skutulsfirði og Kirkjubóls í Skutulsfirði. Lögmaður Ísafjarðarbæjar var Friðbjörn Garðarsson, hjá AX lögmonnum.

Í grófum dráttum voru kröfur Ísafjarðarbæjar viðurkenning á beinum eignarrétti að landi viðkomandi jarðar í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjabréfa, eftir nánari lýsingum og uppráttum.

Niðurstaða Óbyggðanefndar er að **ekki eru þjóðlendur á landsvæðinu.**

Greiðslur vegna málsins fóru fram á árinu 2021 og 2022, alls að fjárhæð kr. 5.759.600. Á árinu 2023 tók Óbyggðanefnd ákvörðun um endurgreiðslu kostnaðar vegna málsins að hálfu íslenska ríkisins, að fullu, í samræmi við 17. gr. laga nr. 5/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og var Ísafjarðarbæ endurgreidd fjárhæðin að fullu í mars 2023.

Gert var ráð fyrir endurgreiðslunni í fjárhagsáætlun 2023.

2021	Reikningur	Ax lögmansþjónusta	2.578.730,
2022	Reikningur	Ax lögmansþjónusta	3.180.870,
2023	Kreditreikningur	Ax lögmansþjónusta	-5.759.600,
		<b>Alls</b>	<b>0,</b>

